



# VISSIR ÞÚ?

## Ísland með hæstu einkunn í slysavörnum barna

# FORVARNAHÚSIÐ

### Árlega deyja 10.000 börn af völdum slysa á EES svæðinu

Skv. nýrri skýrslu European Child Safety Alliance deyja árlega 10.000 börn af völdum slysa á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Þetta samsvarar því að daglega deyi heill grunnskólabekkur með um 25 nemendum.

Sérfræðingar áætla að hægt væri að koma í veg fyrir u.þ.b. 90% af þessum slysum ef allar þekktar og gildar slysavarnastefnur væru í framkvæmd.

### Ísland með hæstu einkunn í slysavörnum barna

Í skýrslunni eru 24 EES ríki gefin einkunn fyrir frammistöðu sína í barnaslysavörnum. Auðkenndar voru 100 sannreyndar stefnur varðandi umferðarslys, drukknanir, fallslys, eitranir, brunaslys, kafnanir, o.fl.

Ísland fékk hæstu einkunn, eða 48,5 stig, og svo Holland (45,5 stig) og Svíþjóð (42,5 stig). Lægstu einkunn fengu Grikkland (27 stig) og Portúgal (27,5 stig).

### Tíðni dauðaslysa

Dauðaslys barna á aldrinum 0-18 ára er allt að 4 sinnum tíðari í löndum með lélega frammistöðu í slysavörnum.

Í þeim 24 löndum sem sæti eiga í stýrihópnum, er Holland með lægstu tíðnina eða 5,8 dauðaslys á hvern 100.000 íbúa. Tíðnin er hæst í Lettlandi eða 22,4 dauðaslys á hvern 100.000 íbúa.\*

Í skýrslunni er tekið fram að Ísland og Kýpur eru ekki á þessum lista sökum þess hversu fámennt þau lönd eru. Hins vegar, ef skoðaðar eru tölur Hagstofu Íslands á sama tímabili, þá er fjöldi dauðaslysa á börnum 5,1 á hvern 100.000 íbúa. Þetta þýðir að fjöldi dauðaslysa á börnum hér á landi sé einn sá lægsti í EES ríkjunum.

\* Teknar voru meðaltals tölur yfir 3 ára tímabil á árunum 2003-2005.

### Skipulagðar slysavarnir skila árangri?

Skipulagðar barnaslysavarnir hafa verið í gangi á Íslandi í 18 ár. Fyrir þann tíma höfðu ýmsir aðrir sinnt einstaka flokkum slysavarna barna, má þar sérstaklega nefna umferðarfræðslu og fræðslu til foreldra í ung- og smábarnavernd.

Árið 1991 veitti Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félagsmálaráðherra, Slysavarnafélagi Íslands styrk til að hefja skipulagðar slysavarnir. Verkefnið var samþykkt á Alþingi 1998 og fór þá undir Heilbrigðisráðuneytið en er í dag hjá Forvarnahúsinu.

Það hefur vakið athygli í öðrum löndum hversu góður árangur hefur náðst hér á landi en slysum og dauðaslysum barna hefur fækkað um helming. Mikil fækkun drukknana er ein aðal ástæða þess að dauðaslysum barna hefur fækkað.

### Betra má ef duga skal

Stærsta heilbrigðisvandamál barna á Íslandi eru slys. Mikilvægt er að auka barnaslysavarnarstarfið og virkja fleiri aðila til að ná enn betri árangri.

Skýrslan hvetur ríkistjórnir til að fjárfesta í slysavörnum barna, enda sannað að það bjargi mannlífum. Staðfest er að hverri krónu sem eytt er í slysavarnir spari 60 krónur í kostnað í heilbrigðiskerfinu. Fyrirtæki er einnig hvött til að tryggja að vörur og þjónusta fyrir börn séu öruggar.

### Hvað er European Child Safety Alliance?

European Child Safety Alliance er evrópskur stýrihópur um slysavarnir barna. Forvarnahúsið á fulltrúa í stýrihópnum.



### Nánari upplýsingar

Skýrsluna (Child Safety Report Card 2009) í heild sinni og öll fylgigögn má finna á heimasíðu European Child Safety Alliance: [www.childsafetyeurope.org](http://www.childsafetyeurope.org).

Nánari upplýsingar gefur Herdís L. Storgaard, forstöðumaður Forvarnahússins, í síma 844 2029 eða [herdis@forvarnahusid.is](mailto:herdis@forvarnahusid.is).